

Upptökur af málstofu um TALIS könnun OECD og umræður komnar á netið

Þann 25. júní voru niðurstöður nýrrar TALIS könnunar OECD birtar. Bein útsending frá málstofu um niðurstöðurnar var til sýnis á vef MenntaMiðju og gátu áhorfendur um leið fylgst með umræðum áhugafólks um víðan heim sem fram fóru á Twitter. Fyrir þá sem misstu af þessum mikilvæga og fróðlega viðburði birtum við hér upptöku af málstofunni og samantekt af umræðunum sem fram fóru á Twitter.

[youtube=https://www.youtube.com/watch?v=RYpAxNF60c8]

[TALIS 2013 Results: An International Perspective on Teaching and Learning](#) from [OECD Education](#)

[[View the story „Education Fast Forward #EFF10“ on Storify](#)]



Líflegar umræður um TALIS niðurstöður á vef MenntaMiðju

Í gær, 25. júní, voru niðurstöður nýrrar TALIS könnunar OECD birtar um heim allan. Í því tilefni efndi Education Fast Forward (EFF), í samstarfi við OECD og aðra, til málstofu á netinu um niðurstöðurnar og hvaða þýðingu þetta hefur fyrir kennara, stefnumótendur og aðra sem koma að menntamálum. Frummælendur málstofunnar voru staðsettir víða í heimi, m.a. París, Japan, Ástralíu, Bandaríkjunum, og Suður-Afríku.

Áhugasamir gátu fylgst með beinni útsendingu á netinu og tekið þátt í umræðum á Twitter og voru umræðurnar mjög líflegar á köflum.

Í tilefni af þessum mikilvæga viðburði var vefsíðu MenntaMiðju breytt til að auðvelda fólki að fylgjast með og taka þátt í umræðum. Bein útsending EFF með frummælendum málstofunnar var streymt í gegnum heimasíðu MenntaMiðju og umræðuþræðir tengdir málstofunni á Twitter hafðir þar fyrir neðan. Þátttakendur gátu því fylgst með frummælendum í mynd og um leið tekið þátt í samræðum við fólk um allan heim um þau atriði sem vöktu helst athygli. Einnig gátu þátttakendur beint spurningum til frummælenda í gegnum Twitter og lögðu þeir sig fram við að svara spurningunum bæði með Twitter "tístum" og í samtölunum sín á milli sem hægt var að fylgjast með í beinu útsendingunni.



Umræður um nýjustu TALIS niðurstöður




Umræðuvettvangurinn á vef MenntaMiðju

Þegar mest var fylgdust rúmlega 80 manns með málstofunni og umræðum á vef MenntaMiðju og þótti þetta fyrirkomulag sérlega vel heppnað. Uppsetningin var mjög einföld í framkvæmd og gæti það hentað vel fyrir ýmsa viðburði í framtíðinni. Þeir sem vilja forvitnast um hvernig vefurinn var settur upp geta haft samband við Tryggva Thayer (tbt@hi.is), verkefnisstjóra MenntaMiðju.



Niðurstöður úr nýrri TALIS könnun verða kynntar á miðvikudaginn

Niðurstöður úr nýrri [TALIS \(Teacher and Learning International Survey\)](#) könnun verða kynntar á miðvikudaginn, 25. Júní. TALIS könnunin er verkefni á vegum OECD og nær hún nú til 34 landa, þar með talið Ísland. Könnunin er send til skólustjóra og kennara í þáttökulöndum og er spurt um kennsluhætti, starfsþróun skólafólks, skólaumhverfi, og fleira. Könnunin var áður framkvæmd árið 2008 og var Ísland þá meðal 24 þáttökulanda.



[TALIS könnunin frá 2008 leiddi ýmislegt áhugavert í ljós um kennsluhætti og starfsumhverfi kennara á Íslandi.](#) M.a. kom fram að íslenskir kennarar aðhyllast hugsmíðahyggju í töluvert meira mæli en starfssystkini í öðrum löndum. Einnig kom fram að áhugi á starfsþróun er minni hér en í öðrum þáttökulöndum.

[Námsmatsstofnun sér um fræmkvæmd TALIS könnunarinnar hér á landi og hafa upplýsingar um niðurstöður og greiningar verið birtar á vef hennar.](#)



Hvítbók menntamálaráðuneytis um umbætur í menntun

[Menntamálaráðuneytið hefur gefið út Hvítbók um umbætur í menntun.](#) Er þetta

í fyrsta sinn sem menntamálaráðuneytið gefur út s.k. hvítbók, en slík rit eru ætluð að kynna afstöðu ríkisstjórnar varðandi tiltekin málefni. Eins og einn fræðimaður hefur orðað það, „White Papers are a ... tool of participatory democracy ... not [an] unalterable policy commitment“ ([sjá Doerr, A., The Role of White Papers, bls. 185](#)).

Hvítbók er því ekki eiginlegt stefnuplagg heldur grundvöllur fyrir frekari umræður hagsmunaaðila og yfirvalda um stefnumótun og aðgerðir.



Í Hvítbókinni um umbætur í menntun er sérstaklega fjallað um læsi unglunga og hátt hlutfall nemenda sem ljúka ekki námi á tilsettum tíma í íslenskum framhaldsskólum. Ríkisstjórnin setur fram mjög metnaðarfull markmið:

- 90% grunnskólanema náí lágmarksviðmiðum í lestri – úr 79% nú
- 60% nemenda ljúki námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma – úr 44% nú

Ýmsar áhugaverðar leiðir til umbóta eru settar fram og verður áhugavert að fylgjast með þróun umræðna um þessi mál.



Erasmus+ úthlutar 337 milljónum til menntamála á Íslandi

Úthlutað hefur verið í fyrsta sinn úr Erasmus+, nýrri styrkjaáætlun ESB á sviði mennta, æskulýðsmála og íþróttar, sem hóf göngu sína um síðustu áramót. [Lesu meira á vef Rannís...](#)

